

Alþingi
Erindi nr. P 126/1613
komudagur 23. 3. 2001

NEFNDASVIÐ ALÞINGIS
LANDBÚNAÐARNEFND
AUSTURSTRÆTI 8-10
150 REYKJAVÍK

Hjalteyri, 17. mars 2001

Efni: Frumvarp til laga um lax- og silungsveiði o.fl.

Á fundi hreppsnefndar Arnarneshrepps þ. 15. mars 2001 var fjallað um frumvarp til laga um lax- og silungsveiði, 389. mál, rekstrarleyfi o.s.frv. Þar var eftirfarandi fært til bókar.

“Ekkert er í lagafrumvarpinu fjallað um lágmarksvegalengdir milli fiskeldisstöðva og aðra þætti, sem valdið geta mengun eða smiti milli nálæggra stöðva. Var oddvita falið að svara erindinu og benda á þessa annmarka og vísa til fyrri samþykktar hreppsnefndar Arnarneshrepps varðandi fiskeldi í Eyjafirði.”

Þær samþykktir sem vísað er til eru frá fundi hreppsnefndar Arnarneshrepps þ. 8. maí árið 2000, svohljóðandi.

“Samþykkt var að styðja tillögu stjórnar Fiskeldis Eyjafjarðar þess efnis að aldrei verði minna en 5 km milli fiskeldisstöðva.”

Varðandi starfsleyfistillögu um tilraunir með kræklingarækt í Eyjafirði var eftirfarandi bókun samþykkt:

“Hreppsnefndin gerir athugasemdir við hve fyrirhugaðri kræklingarækt er ætlaður staður nálægt seiðaeldisstöð Fiskeldis Eyjafjarðar á Hjalteyri. Bent er á samþykkt hreppsnefndarinnar þess efnis að ætíð verði a.m.k. 5 km á milli fiskeldisstöðva í Eyjafirði.”

Varðandi starfsleyfistillögu Hollustuverndar ríkisins um laxeldi í Eyjafirði er bókað:

“Þar sem laxeldi er stundað þurfa menn að berjast við sjúkdóma. Sjúkdómar með tilheyrandi smithættu gætu að áliti sérfræðinga, valdið starfsemi Fiskeldis Eyjafjarðar óbætanlegum skaða, bæði hvað varðar framleiðslu lúðuseiða og flutning þeirra til annarra svæða. Hreppsnefnd Arnarneshrepps er sammála um að ekki megi stofna þeim árangri sem Fiskeldi Eyjafjarðar hefur náð í starfi sínu í nokkra hættu og hafnar því algjörlega að veitt verði leyfi til laxeldis í sjókvíum í Eyjafirði.”

Ljósrit af athugasemdum hreppsnefndar Arnarneshrepps við áðurnefndar starfsleyfistillögur fylgir.

Af framansögðu má það ljóst vera að það er ákveðinn vilji hreppsnefndar Arnarneshrepps að í þetta lagafrumvarp verði sett skír ákvæði, sem komi í veg fyrir að ný starfsemi verði til tjóns fyrir þá starfsemi sem fyrir er og náð hefur góðum árangri með tíma, fé og fyrirhöfn (hér Fiskeldi Eyjafjarðar).

Að öðru leyti er hreppsnefnd Arnarneshrepps fylgjandi öllu atvinnuskapandi starfi, fiskeldi sem öðru.

Virðingarfyllst,

f.h. hreppsnefndar Arnarneshrepps

Jóhannes Hermannsson, oddviti.



Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra
Gránufélagsgötu 6
600 Akureyri.

Hjalteyri 6. maí 2000

**Efni: Athugasemdir vegna starfsleyfistillögu Heilbrigðiseftirlits
Norðurlands eystra vegna umsóknar Viðis Björnssonar, f.h. lcm ehf, um leyfi til
tilraunaræktunar á kræklingi í Eyjafirði.**

Hreppsnefnd Arnarneshrepps gerir athugasemd við það hve fyrirhugaðri kræklingarækt er ætlaður staður nálægt seiðaeldisstöð Fiskeldis Eyjafjarðar á Hjalteyri

Bent er á samþykkt hreppsnefndar Arnarneshrepps þess efnis að alltaf verði a.m.k. fimm km á milli fiskeldisstöðva í Eyjafirði. Jafnframt bendir hreppsnefnd Arnarneshrepps á mikilvægi þess að starfsemi Fiskeldis Eyjafjarðar sem hefur unnið sér sess í fremstu röð þeirra í heiminum, sem lúðueldi stunda, verði ekki fyrir neinu tjóni af völdum annarra eldisstöðva í Eyjafirði.

Að öðru leyti gerir hreppsnefnd Arnarneshrepps ekki athugasemdir við starfsleyfistillöguna.

F.h. hreppsnefndar Arnarneshrepps,

Jóhannes Hermannsson oddviti.



Hollustuvernd ríkisins
Ármúla 1a,
108 Reykjavík.

Hjalteyri 6.mái 2000.

Efni: Athugasemdir við “Drög að starfsleyfi fyrir fiskeldisstöð AGVA ehf í Eyjafirði” sbr. bréf Hollustuverndar dags. 14/3 2000.

Fyrirtækið AGVA ehf hefur sótt um starfsleyfi fyrir mjög umfangsmikið laxeldi í Eyjafirði. Sótt er um leyfi fyrir 8.000 tonna ársframleiðslu, sem skiptist sem hér greinir:

1. Seiða og unglaxaeldi á landi við Hauganes.
2. Sótt er um þrjú svæði í Eyjafirði til sjókvíaeldis.
3. Sótt er um aðstöðu til slátrunar og vinnslu á eldisfiski í Hrísey og á Hauganesi.

Árið 1987 var stofnað á Hjalteyri við Eyjafjörð fyrirtæki sem nefnist Fiskeldi Eyjafjarðar hf.

Frá þeim tíma hefur Fiskeldi Eyjafjarðar stundað rannsóknir á sviði lúðueldis og þróað aðferðir við framleiðslu lúðuseiða með þeim árangri að félagið er nú í fremstu röð þeirra aðila í heiminum, sem þessa starfsemi stunda.

Fiskeldi Eyjafjarðar rekur nú tvær fiskeldisstöðvar í Eyjafirði, klakfiskaeldisstöð á Dalvík og seiðaeldisstöð á Hjalteyri. Á árunum 1998 og 1999 framleiddi Fiskeldi Eyjafjarðar um 40% heimsframleiðslunnar af lúðuseiðum.

Þar sem laxeldi er stundað þurfa menn að berjast við sjúkdóma og smithættu t.d. í Noregi og nú nýverið í Færeyjum. Sjúkdómar með tilheyrandi smithættu gætu hæglega borist í laxeldi í Eyjafirði eins og annars staðar hefur skeð. Ekki hefur verið rannsakað hvort villtum fiskstofnum stafi hætta af laxeldinu og má þar t.d nefna bleikjustofninn, sem er sterkur í Eyjafirði.

Sjúkdóma- og smithætta gæti að áliti sérfræðinga valdið starfsemi Fiskeldis Eyjafjarðar óbætanlegum skaða, bæði hvað varðar framleiðslu lúðuseiða og flutning þeirra til annarra svæða.

Hreppsnefnd Arnarneshrepps er sammála um að ekki megi stofna þeim árangri sem Fiskeldi Eyjafjarðar hefur náð í starfi sínu í nokkra hættu og hafnar því algjörlega að veitt verði leyfi til laxeldis í sjókvíum í Eyjafirði.

F.h. hreppsnefndar Arnarneshrepps,

Jóhannes Hermannsson oddviti.



UMHVERFISRÁÐUNEYTIÐ
Kristín L. Árnadóttir
Vonarstræti
150 Reykjavík

Efni:Kæra AGVA ehf. vegna synjunar Hollustuverndar ríkisins á útgáfu starfsleyfis fyrir fiskeldisstöð félagsins, í Eyjafirði.

Hreppsnefnd Arnarneshrepps vísar til fyrri athugasemda sinna við "Drög að starfsleyfi fyrir fiskeldisstöð AGVA ehf. í Eyjafirði" dags. 6. maí 2000.

Ýmsir sérfræðingar telja að starfsemi slíkrar fiskeldisstöðvar sem hér er nefnd geti, með sjúkdóma- og smithættu, valdið verulegum skaða á hingað til árangursríku starfi Fiskeldis Eyjafjarðar í framleiðslu lúðuseiða og nýtingu þeirra.

Af þeim orsökum aðallega, hafnar hreppsnefnd Arnarneshrepps því að veitt verði leyfi til laxeldis í sjókvíum í Eyjafirði

.Einnig má nefna óvissu um áhrif laxeldis í sjókvíum á villta fiskstofna í Eyjafirði, t.d. lax og bleikju.

Hjalteyri 1. ágúst 2000.

F.h. hreppsnefndar Arnarneshrepps,

Jóhannes Hermannsson oddviti.

